

Náttúrleg
Innihaldsefni

Því dýrin þín eiga það skilið



Dýrabær

Smáralind | Kringlan | Krossmói | Akranes | Spöng | Dyrabaer.is



Bifreiðaverkstæði
Grafarvogs

Allar almennar
bílaviðgerðir

Gylfahlöt 24 - 30 • 112 Reykjavík

Sími 577 4477

www.bilavidgerdir.is

Þjónustuaðili



SSANGYONG



CHEVROLET

Árbæjarblaðið

2. tbl. 22. árg. 2024 febrúar

Fréttablað íbúa í Árbæjarhverfi



Björn Gíslason ásamt bræðrunum Steini og Jakobi Halldórssonum, heiðursmönnum í Fylki til margra áratuga.

Að venju mikið fjör á Herrakvöldi Fylkis

Það var að venju mikið fjör á Herrakvöldi Fylkis sem fram fór í upphafi þorra.

Nokkur hundruð herrar mættu til leiks og í boði voru skemmtikraftar af bestu gerð og föstum liðum eins og

málverkupboði og happadrætti voru gerð góð skil.

Sjá nánar á bls. 12 og 11.

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

EIGNIR ÓSKAST Á ÞÍNU SVÆÐI!

Er með mikið af kaupendum á skrá á sérbylum í Árbæ, Selási og Norðlingaholti. Mikil eftirspurn er af eignum í hverfinu þínu.

FÁÐU FRÍTT VERÐMAT
Hafðu samband!

Hrafnhildur Björk
Baldursdóttir

Löggiltur fasteignasali

862 1110

hrafnhildur@valholl.is



Tilbúinn fiskur og
fiskréttir beint í ofninn

Spönginni 13, 112 Reykjavík

Árbæjarblaðið

Útgefandi: Skrautás ehf. Netfang: abl@skrautas.is
 Ritstjóri og ábm.: Stefán Kristjánsson.
 Ritstjórn: Símar 698-2844 og 699-1322.
 Netfang Árbæjarblaðsins: abl@skrautas.is
 Útlit og hönnun: Skrautás ehf.
 Auglýsingar: 698-2844 og 699-1322 - Stefán Kristjánsson
 - abl@skrautas.is
 Prentun: Landsprent ehf.
 Ljósmyndarar: Katrín J. Björgvinsdóttir.
 Dreifing: Póstdreifing.

Árbæjarblaðinu er dreift ókeypis í öll íbúðarhús í Árbæ, Ártúnsholti, Grafarholti og Norðlingaholti.

Illu farið með peninga

Íslenskir stjórnálmenn kunna illa að fara með peninga. Hægt er að nefna fjölmörg dæmi þessu til sönnunar.

Á undanförunum misserum hefur oft komið fram að við Íslendingar erum engir meistarar í því að gera áætlanir um kostnað þegar kemur að stórum framkvæmdum.

Borgarlínan er líklega búin að þrefaldast í verði frá því að fyrstu áætlanir um kostnað komu fram.

Montbrúin frá Kársnesi í Kópavogi yfir í Vatnsmýrina, Alda, átti upphaflega að kosta innan við 3 milljarða. Sú upphæð mun fjórfaldast áður en yfir líkur.

Sundabrautin, hækkar í verði um milljarð frá fyrri áætlunum með hverju árinu sem líður. Það skiptir hins vegar litlu máli þar sem íslenskir stjórnálmenn virðast ekki hafa þrek til að koma þeirri framkvæmd af stað. Það er búið að röfla og tuða um Sundabrautina í yfir 30 ár en ekkert gerist. Nokkrum sinnum hafa stjórnálmenn komið fram og sagt: „Þetta er alveg að fara af stað.“ En síðan líða árin og ekkert gerist.

Í úthverfum borgarinnar vantar fjármuni til margra hluta en á þarfir íbúanna þar er ekki hlustað.

Að öðru máli. Ríkisfjölmiðillinn RÚV hefur enn einn ganginn sannað svo ekki verður dregið í efa hve hlutdrægur miðill þetta er. Nýlegt viðtal fréttakonu þar við Bjarna Benediktsson utanríkisráðherra var sorglegt dæmi um það hvernig á ekki að taka viðtal. Fréttakonan gat ekki hamið sig í hlutdrægninni og braut allar reglur hvað það varðar. Bjarni er umdeildur stjórnálmamaður og hefur hegðað sér undarlega síðustu misserin og lent í mörgum skrítnum málum. Hann er stanslaust á milli tannanna á hlutdrægum fréttamönnum sem hafa fyrir löngu tapað allri virðingu með framgöngu sinni.

Stöð 2 er ekki saklaus þegar kemur að hlutdrægum viðtölum við Bjarna. Framganga fréttakonu þar á dögnum var einnig sorglegt dæmi um það þegar reynd fréttakona tapar glórunni í hlutdrægni sinni og missir um leið allan trúverðugleika.

Meðferð RÚV á 6-7 milljörðum sem apparatið fær í forgjöf á fjölmiðlamarkaðnum er efni í annan pistil síðar. *Stefán Kristjánsson*

abl@skrautas.is

„Það þýðir ekkert að berja hausnum við steininn“

- eftir Björn Gíslason, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Borgarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík hefur undanfarin kjörtímabil, leynit og ljóst, unnið að því að koma Reykjavíkurlugvelli burt úr Vatnsmýrinni. Nú kveður hins vegar við annan tón hjá borgarstjórnarmeirihlutunum, sem er vel, enda nýr maður í brúnni. En til vitnis um þann nýja tón, sem Einar Þorsteinsson, borgarstjóri, hefur slegið hvað flugvöllinn varðar, eru orð hans í Morgunblaðinu 1. febrúar sl., en haft var eftir Einari:

„Þetta snýst um það að flugvöllurinn geti þjónað sínu hlutverki og það er alveg klárt að það verður ekki skert. Flugvöllurinn gegnir lykilhlutverki fyrir Reykjavík og landið allt. Hann er miðstöð innanlandsflugs og sjúkraflugs og það hlutverk hans verður ekki skert. Við verðum að vera raunsæ, það þýðir ekkert að berja hausnum við steininn.“

Orð sem marka tímamót

Þessi orð borgarstjóra marka í raun tímamót í umræðunni um Reykjavíkurlugvöll.

Ekkert er annað hægt en að taka heilshugar undir orð hans, enda sjá allir að það er borin von að reisa flugvöll í Hvassahrauni að svo stöddu. Sú staðreynd á e.t.v. einnig stóran þátt í þessari afstöðubreytingu.

Endurskoðun aðalskipulags óhjákvæmileg

Þeirri staðreynd að Reykjavíkurlugvöllur starfi í óbreyttri mynd og í fullum rekstri næstu 15 til 20



Björn Gíslason er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

árin, með öllum þeim kröfum sem gerðar eru til hans, fylgja margvíslegar áskoranir. Meðal áskorana sem staðreynd þessi kallar á er endurskoðun á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar - enda umfangsmikil íbúðaruppbygging fyrirhuguð í kringum flugvöllinn.

En segja má að núverandi aðalskipulag sé meingallað í ljósi þessara tíðinda, enda hverfist það um þá staðreynd að flugvöllurinn sé þar víkjandi.

Með öðrum orðum kalla þessi fyrirséðu tíðindi á að byggt verði annars staðar í borginni!

Rekstraröryggi verði tryggt með nýjum samningi

Gerður var samningur milli ríkis og borgar 28. nóvember 2019. Sá samningur snerist um að rekstraröryggi flugvallarins yrði tryggt á meðan rannsóknir á möguleikum á nýjum flugvelli í Hvassahrauni færu fram. Nú þegar vitað er að ekki verður unnt að byggja nýjan flugvöll í Hvassahrauni hljóttum við borgarfulltrúa að kalla eftir því að nýr sambærilegur samningur verði gerður milli ríkis og borgar í þeirri viðleitni að tryggja rekstraröryggi vallarins til langrar framtíðar. Enda er engin annar jafn góður eða betri kostur, tiltækur á þessu augnabliki.

Ég er þeirrar skoðunar að nú sé nauðsynlegt að kalla eftir slíkum samningi með það fyrir augum að tryggja fyrirsjáanleika í starfsemi flugvallarins. Ég bind því vonir við að nýr borgarstjóri, Einar Þorsteinsson, hafi frumkvæði að því að tryggja slíkan samning, enda skiptir fyrirsjáanleiki gríðarlegu máli þegar kemur að því að tryggja flugöryggi og rekstrarhæfi vallarins.

Þá er nauðsynlegt að horft verði til annarra svæða þegar kemur að íbúðaruppbyggingu, enda áriðandi að hraða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis eins og kostur er, í þeirri viðleitni að reyna, með einhverjum hætti, að anna fyrirséðri og uppsafnaðri eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði á næstu árum.

Björn Gíslason, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks



HeilsuKlasinn

MÚR BÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttinda- og málningarverkstaði með 5 stjörnu gæðavottun frá Bílgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.



SJÓVÁ TM VÍS VÖRÐUR

Hafðu samband núna

Draghóls 6-8 567-0690 tjon@tjon.is www.tjon.is

Við þjónustum allar gerðir bíla

Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingarfélaga.

Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaleigubíla á staðnum

Vinum með öllum bílaumboðum

Hefur þú kynnt þér þjónustu Heilsuklasans?

Fjöldinn allur af námskeiðum fyrir
byrjendur og lengri komna á
öllum aldri.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600




Þjálfun í vatni



Klúbburinn



60+
Grunnnámskeið



60+
Framhaldsnámskeið



60 ára+ grunn- og framhaldsnámskeið

Bætt heilsa og aukin lífsgæði

Nokkrir hópar og tímasetningar í boði bæði á grunn- og framhaldsnámskeið.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600

 HeilsuKlasinn



Ertu í söluhugleiðingum?

Óska eftir eignum í Árbænum

FÁÐU FRÍTT VERÐMAT
Hafðu samband!

Löggiltur fasteignasali

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir

hrafnhildur@valholl.is
862 1110

VALHÖLL
FASTEIGNASALA



Spönginni 13, 112 Reykjavík



Fréttir

Árbæjarblaðið



Sigursælir Fylkisstrákar í rafíþróttum.

Mjög öflugt og endurnýjað Rafíþróttastarf

Rafíþróttadeild Fylkis hefur verið með öflugt og endurnýjað starf á nýju ári í samstarfi við Esports Coaching Academy!

Rafíþróttir eru frábært tækifæri fyrir ungmenni til að efla sig sem einstaklinga og kynnast jafnöldrum í gegnum tölvuleikja áhugamálið.

Í vor verður boðið upp á fjóra æfingahópa sem koma til móts við mismunandi aldur, getu og áhugasvið ungmenna. Í 8-10 og 10-13 ára Mix hópnum er aðal áherslan á að mynda félagsleg tengsl við jafnaldra í gegnum tölvuleikina, prófa nýja leiki og hafa gaman. En í Fortnite og 14-16 ára hóp eru markvissari æfingar þar sem iðkendur vinna að því að bæta sig í ákveðnum leik. Í öllum hópnum er líkamleg hreyfing og læra iðkendur um heilbrigða spilunarhætti.

Æfingartímar verða lengri sem leyfir okkur að halda betri og heildstæðari æfingar, þar sem nægur tími gefst í upphitun, fræðslu, æfingar og spil. Einnig verða viðburðir eins og mót, æfingaleikir og félagskvöld yfir önnina, sem gefa iðkendum markmið til að vinna að og tækifæri að byggja vináttubönd sem ná út fyrir tölvuskjáinn.

Með þessum breytingum er

Rafíþróttadeild Fylkis að taka stórt skref í átt að hágæða rafíþróttastarfi sem uppfyllir alla þá gæðastaðla sem rafíþróttir standa fyrir. Með auknum gæðum á starfinu verður Fylkir ekki bara brautryðjandi í auknum gæðum rafíþróttu á Íslandi, heldur einnig fyrirmyndar klúbbur sem horft verður til í vexti rafíþróttu um allan heim.

Skráning á vorönn er komin af stað á Sportabler, en æfingataflan verður birt fljótlega ásamt æfingaplani fyrir hvern hóp.

Ekki missa af þessu tækifæri í hinum spennandi heimi rafíþróttu, vertu hluti af hreyfingu sem er að endurnýja framtíð rafíþróttu.



Rafíþróttadeild Fylkis heldur úti mjög öflugtu starfi.

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

bfo.is

Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf

bfo@bfo.is



SUBARU



HONDA



OPEL



SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

BOSCH bílavara hlutir í miklu úrvali





**Frábær
gjöf fyrir
veiðimenn
og konur**

**Gröfum nöfn veiðimanna á boxin
Uppl. á www.Krafla.is (698-2844)**

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með
hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag
rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Er kerfið búið álagastýringu?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Sjálfvirk greiðslu- og innheimtakerfi?



EIGNAUMSJÓN

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is



Karatefólkið í Fylki vann til 13 verðlauna á RIG mótinu á dögunum.

Karatefólk í Fylki:

Frábær árangur á RIG

Um liðna helgi lauk RIG, Reykjavík International Games og var okkar fólk í karate í Fylki að sjálfsgöðu fyrirferðamikilið eins og svo oft áður á mótum í karate.

Fylkir vann til fjölda verðlauna á mótinu en alls voru verðlaunin þrettán, fjögur gullverðlaun, fjögur silfur-

verðlaun og fimm bornsverðlaun.

Eins og svo oft áður er karatefólk Fylkis að vinna til fjölda verðlauna og sanna að starf Fylkis er eitt það allra besta á landinu! Árangur karatefólksins í Fylki hefur verið hreint frábær mörg undanfarin ár og þegar orðið ljóst að Fylkir er í allra fremstu röð á landinu þegar kemur að árangri á mótum

hérlandis.

Karatefólk í Fylki hefur einnig náð mjög góðum árangri á mótum erlendis.

Við óskum þessum frábæru krökkum til hamingju með árangurinn og hlökkum til að fylgjast með þeim í framtíðinni.



HeilsuKlasinn

VISSIR ÞÚ?

**AÐ KEILA ER
LEIKIN AF
120.000.000
MANNS Í YFIR
90 LÖNDUM.**

**KÍKTU Í KEILU, PÍLU, KAREOKE,
PIZZU, DRYKK, BOLTA OG FJÖR.**

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á
KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin
EGILSHÖLL



**Útfararþjónusta
í yfir 70 ár**

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

KVENNAKVÖLD FYLKIS



LAUGARDAGINN
Í FYLKISHÖLL



2024

Þema: Rokk & rósir

Takið daginn frá!

Hver verður heiðurskonan 2024?

Borðskreytingarkeppni

Verðlaun veitt fyrir flottasta borðið

**Dætur, mæður, ömmur, systur, frænkur og vinkonur,
tökum okkur saman, fylkjum liði og
skemmtum okkur saman í frábærum félagsskap!**

**Nánari upplýsingar
koma síðar**



Bleikja með möndlum og kókós

- frábær réttur sem vert er að prófa

Við fáum uppskriftir okkar frá listakokkinum Kristjönu Steingrimsdóttur (Jana.is).

Jana verklar fiskinn sinn í Hafinu og þar er alltaf svo frábært úrval af ferskasta fiskinum, einnig bjóða þeir upp á svo mikið og girnilegt úrval af tilbúnum réttum. Hver öðrum betri.

„Ég finn það vel hvað það gerir fjölskyldunni minni gott að borða oft fisk og við Íslendingar erum svo

heppnir að hafa kost á svona miklu úrvali af ferskum og góðum fiski. Þar sem við fjölskyldan höfum búið erlendis í um 18 ár erum við extra þakklát fyrir Íslenska fiskinn og kunnum svo mikið að meta hann,” segir Jana og bætir við: „Ég hvet sem flesta að bæta meiri fiski inn í matarræði sitt og prófa sig áfram með allskonar útgáfur.”

Og við hvetjum lesendur til að



Bleikjan með möndlum og kókós er afar gómsætur réttur.

prófa þessa uppskrift:

Bleikja með möndlum & kókós
600 gr Bleikjuflök
70 gr möndlur saxaðar
1/2 msk rífið Engifer, ca 3 cm bútur
Safi og börkur af 1 Sítrónu
1/3 Rauður Chili saxaður fínt
2 stk vorlauk saxaður
3 msk akasíu hunang
3 msk ristud sesame olía

3 msk blönduð sesam fræ (svört og hvít eða bara hvít)
1,5 msk tamari sósa
1/3 bolli ristaðar kókósflögur
1/3 bolli ólífuolía

Hitið ofninn í 180 gráður
Setjið bleikjuflökin í eldfast mót.
Öllu nema bleikjuflökunum blandað saman í skál og borið því næst á bleikjuna.

Látið standa í ca 30 mín, setjið inn í ofn í 12-14 mín eða þar til allt er orðið vel gyllt á litinn og bleikjan elduð.

Frábært að bera fram með góðu og fersku salsa eins og til dæmis mangó og agúrku.

Verði ykkur að góðu.
Kristjana Steingrimsdóttir (Jana)
jana.is - www.instagram.com/jana

	Krossgátu-gerð: Bjarni S: 588 7911	haugur-inn	tvíhl.	snugg	lokkar	steðja		lækning	pikk	hanga	öfug röð	egnt		skanka		fiskurinn	farvegur
	→							1									7
	röðin 2 eins					baksa spendýr						óðfús		hljóta			
Tekning Halldór Andri eftirprentun bönnuð	↓	óreiða stétt	9	sturlast				veiðar- læri			auð stigu	12		2 eins sægur			
skass				öfug röð	10	stakar þögular						formi kvendýr					kroppar
brólt		veifurnar			máttur hjártfólgin			una		angan				aftur eða			
heiti				knæpa upphaf			geimvera			haf gætni			fugl				
berja			sigli			spendýr mjög	14	tóm utan					kona	13	hastið	sudið	
			3	grunar vitrunin			ábending skemma				ánana manaðar						
sefast		2			afkvæmi	fiskur						nefgöng rák				15	
	5	fersk rám		duglausa 501				stafur	spil varma					sprikl áttund			áverki
	↳			4									æðir 51				
			angan				grænmeti			ratanna							
fiskurinn				laga	8		11		hand- vegur	6							öfug röð
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15			

FERMINGAR

—2024—

ER FERMINGIN Í VÆNDUM?

PANTAÐU KRÆSINGAR SEM SLÁ Í GEGN
HJÁ ÖLLUM VEISLUGESTUM

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á
SÆLKERABÚÐIN.IS



LÁTTU OKKUR SJÁ UM AÐ TÖFRA FRAM DRAUMAVEISLUNA

LUX VEITINGAR



SÆLKERA
— BÚÐIN —

KÍKTU Á KRÆSINGAR
& PANTAÐU Á
SÆLKERABÚÐIN.IS



Það var vel mætt á Herrakvöld Fylkis að venju og menn skemmtu sér konunglega að venju.

Herrakvöldið

Herrakvöld Fylkis var haldið með pompi og prakt á bónadaginn, föstudaginn 19. janúar síðastliðinn. Rúmlega 500 herrar skemmtu sér vel enda frábær dagskrá á kvöldinu. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum var mikið stuð!

Ræðumaður kvöldsins var Davíð Þór Jónsson, prestur og fyrrverandi

skemmtikraftur.

Góðir skemmtikraftar mættu á svæðið, Björn Bragi og Eyþór Ingi og slógu í gegn eins og venjulega.

Veislustjóri var Gísli Einarsson að

Ljósmyndir

Árni Torfason og Viktor Lekve

vanda og hann er fremstur meðal jafningja þegar veislustjórni er annars vegar.

Málverkaupboðið var á sínum stað eins og happadrættið og allir skemmtu sér konunglega.

Fylkir vill þakka öllum þeim sem mættu og tóku þátt í þessu fyrir komuna.



Lambasteikin var vinsæl.



Þessir voru í vinnunni.



Góðir félagar á skemmtilegu herrakvöldi.



Sannir Fylkismenn til margra áratuga.



Hér var örugglega rætt um stjórnsmál.



Þessir kappar voru í lambasteikinni.



Málin rædd á Herrakvöldi.



Góðir félagar í Fylki.



Bjössí formaður og Bjössí skemmtikraftur.



Menn tóku vel til matar síns.



Þessir brostu sínu breiðasta.



Þessir heiðursmenn skemmtu sér konunglega.



Það var ekkert kynslóðabil hjá þessum þegar kom að þorramatnum.



Björn formaður í góðum félagsskap.



Þessir herra menn voru ekki að mæta á fyrsta herrakvöldið hjá Fylki.



Málverkaupboðið var á sínum stað.



Flottir Fylkismenn á góðri stundu.



Borðin svignuðu undan kræsingunum.



Menn höfðu það notalegt á herrakvöldinu.



Góðir félagar á góðri skemmtun.



Óli Haffa skemmti sér vel.



Menn mættu til hátíðarinnar og voru kátir og hressir eins og vera ber.



Reynsluboltar á Herrakvöldi Fylkis.



Gangbraut á Norðlingabraut við Olís. Þarna þarf að ráðast í úrbætur enda fjölfarin gönguleið.

Auka þarf umferðar- öryggi í Norðlingaholti

- segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hefur að undanförmu lagt fram ýmsar tillögur á vettvangi borgarstjórnar um úrbætur í

umferðaröryggismálum við Elliðabraut, Norðlingabraut og Fylkissel í Norðlingaholti. Tillögurnar miða flestar að auknu öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Ekki síst barna og unglunga, sem eru á leið í eða úr skóla eða íþrótt- og frístundastarf í hverfinu. Árbæjarblaðið bað Kjartan um að segja frá tillögnum og hvernig gengi að koma þeim í framkvæmd.

gangbraut með upphækkun og gangbrautarlýsingu á Norðlingabraut við Bjallavað.

Úrbætur við OLÍS

Kjartan lagði einnig til að ráðist yrði í úrbætur á gangbraut yfir Norðlingabraut til móts við þjónustuverzlun OLÍS, t.d. með betri merkingum, upphækkun, kýsingu,

Vel heppnað hverfi

Kjartan er þeirrar skoðunar að Norðlingaholt sé vel heppnað hverfi enda hafi það marga stóra kosti. „Flestir Norðlingar eru mjög ánægðir með hverfið enda er það í góðum tengslum við náttúruna. Mikil ánægja ríkir með leikskóla og grunnskóla í hverfinu og þá er íþrótt- og frístundastarf með öflugasta móti. Það var mikið heillaskref þegar borgin beitti sér fyrir því að Fylkir fengi svokallað Mest-hús og kæmi þar fyrir aðstöðu fyrir ýmsar íþróttgreinar en ég kom að því máli sem þáverandi formaður íþrótt- og tómsundaráðs Reykjavíkur. Nú er rekin öflug íþróttamiðstöð í Fylkisseli fyrir fimleika, parkour, karate og rafiþróttir auka vaxandi íþróttastarfsemi eldri borgara. Bryn þörf er reyndar á því að stækka Fylkissel en tillaga Sjálfstæðisflokksins um það var því miður felld í borgarráði í desember sl. með atkvæðum meirihluta Framsóknarflokks, Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar.“

Tryggja þarf þjónustu við íbúa

Við skipulag Norðlingaholts hefði mátt huga að því að hafa hverfið fjölmennara til að tryggja margvíslega þjónustu við íbúa í hverfinu að sögn Kjartans. „Lengi vantaði stórverslun í Norðlingaholti en með tilkomu glæsilegrar Bónusbúðar hefur vonandi verið bætt úr því til framtíðar. Þá hefði mátt huga betur að hönnun umferðarmannvirkja með öryggi vegfarenda í huga, ekki síst barna og unglunga. Ég hef fengið margar góðar ábendingar um þau mál frá íbúum í hverfinu og vakið athygli á þeim í umhverfis- og skipulagsráði borgarinnar,“ segir Kjartan.

Gangbraut við Norðlingabraut

Tillaga Kjartans um úrbætur á gangbraut yfir Norðlingabraut, við eystri enda göngubrúar yfir Breiðholtsbraut, var tekin fyrir í ráðinu á síðasta ári. Samkvæmt tillögnum eiga úrbæturnar að felast í betri merkingum í og við gangbrautina, upphækkun hennar, betri lýsingu og jafnvel að þar verði komið fyrir upplýstri snjallgangbraut. Kjartan segir að mikið sé um hraðakstur við gangbrautina en leiðin sé fjölfarin af börnum og unglungum á leið í og úr skóla eða íþróttastarfi.

Tillögu Kjartans var vísað til vinnu vegna umferðaröryggisáætlunar þar sem samþykkt var að leggja nýja



Kjartan Magnússon er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.

þrengingu og/eða upplýstri snjallgangbraut. „Þessi leið er fjölfarin, ekki síst af börnum og unglungum, sem sækja í OLÍS-búðina á kvöldin. Tillagan er enn til skoðunar í kerfinu og vonandi verður þarna einnig gripið til úrbóta.“

Úrbóta þörf við Fylkissel

Ein tillagan snýr að íþróttahúsinu Fylkisseli þar sem bryn þörf er á að bæta umferðaröryggi að sögn Kjartans. „Daglega sækir fjöldi skólubarna á leið úr Norðlingaskóla, íþrótt- og tómsundastarf í Fylkissel og leggur þá leið sína yfir bifreiðastæði hússins þar sem umferðaröryggi er mjög ábótavant. Afmarka þarf skýra gönguleið yfir bílastæðið og lýsa hana upp og merkja eftir þörfum.“

Tillagan var ekki samþykkt af meirihluta ráðsins en vísað til meðferðar í kerfinu. Vonandi verður bætt þarna úr sem fyrst,“ segir Kjartan.

Aukið umferðaröryggi við Elliðabraut

Þá er mikilvægt að ráðast sem fyrst í úrbætur í þágu gangandi og hjólandi vegfarenda við Elliðabraut að sögn Kjartans. „Við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðum til að gangstétt og hjólarein yrði lögð við vestanverða Elliðabraut og að vel merktar gangbrautir eða gönguþveranir yrðu lagðar yfir Elliðabraut á tveimur stöðum: annars vegar nálægt Þingtorgi fyrir gönguleið að Norðlingaskóla, Fylkisseli sem og að nýrri verslunarmiðstöð hverfisins á horni Norðlingabrautar og Árvaðs. Hins vegar nálægt Sandavaði fyrir gönguleið að leikskólanum Raudhóli.“

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Græni
skátar

Endurvinnslumóttakan er opin alla daga hjá skátunum í Hraunbæ


Móttaka Endurvinnslunnar er opin alla daga vikunnar.
Við tökum vel á móti þér.
Græni skátar styðja við ungmennastarf í samfélaginu.
Munið eftir nýja endurvinnsluappinu

Greiddar eru **20 kr.**
fyrir eininguna



Opnunartíminn okkar er:

Vikrir dagar kl. 9-18
Helgar kl. 12-16:30



Endurvinnslumóttakan Hraunbæ 123 . 110 Reykjavík

Kjartan hefur nú fengið þau svör að fljótlega verði lögð gangstétt meðfram Elliðabraut 2-22. Þá verði gerðar tvær upphækkningar með gönguþverrunum við Elliðabraut: annar svegar við Þingtorg og hins vegar fyrir miðju Elliðabraut, til móts við Elliðabraut 12 og Sandvað.



Betur má ef duga skal

Kjartan er ánægður með þær úrbætur í umferðaröryggismálum sem náðst hafa fram, en er ósáttur við hversu seinlega gengur að fá úrlausn annarra mála sem hann hefur flutt tillögur um.

„Þessar tillögur eru byggðar á ábendingum íbúa, kennara og frístundastarfsmanna úr Norðlingaholti og þær eiga allar rétt á sér. Margar þeirra eru brýnar en liggja þó óbættar hjá garði. Almennt finnst mér

Reykjavíkurborg leggja of litla áherslu á slík umferðarmál í eystri hverfum borgarinnar og því miður er eins og áhuginn minnki eftir því sem austar dregur. Erfiðlega gengur að fá slíkar úrbætur samþykktar þrátt fyrir að þær hafi flestar lítinn kostnað í för með sér og kosti einungis nokkrar milljónir króna.

Á meðan er mikil áhersla lögð á kostnaðarsöm gæluverkefni í vestan megin í borginni upp á mörg hundruð milljónir eða jafnvel marga milljarða króna eins og fyrirhuguð Fossvogsbrú er dæmi um. Þessari forgangsroðun þarf að breyta og leggja stóruka áherslu á umferðaröryggismál í eystri hluta borgarinnar,” segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi að lokum.



Norðlingabraut við göngubrúna. Þessa gangbraut þarf að lagfæra enda um að ræða fjölfarna leið barna og unglina.

Umferðaröryggi er ábótavant við Fylkissel. Þarna vantar vel merktu og upplýsta gönguleið fyrir þau fjölmörgu börn og unglina sem sækja þarna íþróttir og frístundastarf.



Elliðabraut. Unnið er að frágangi gangstétta við götuna og gönguþveranir verða þar gerðar á tveimur stöðum.

Árbæjarblaðið

5. tbl. 10. árg. 2012 maí

Fréttablað íbúa í Árbæ og Norðlingaholti

Árbæjarblaðið er lesið
á hverju heimili

Mest lesni fjölmiðillinn
í Árbæjarhverfinu?

Auglýsingar í Árbæjar-
blaðinu skila árangri

698-2844

Félagsstarf fullorðinna



Mánudaginn 19. febrúar kl. 13:30 fáum við í heimsókn leikkonurnar Kötlu Margréti, Kristbjörgu Keld og Maríu Reyndal. Þær standa fyrir sýningunni „Með Guð í vasanum“ í Borgarleikhúsinu og langar að kynna verkið fyrir okkur ásamt því að flytja nokkur þekkt íslensk dægurlög. Öllum velkomið að vera með.

Félagsmiðstöðin Hraunbæ 105

Sími 411-2730

TUDOR Start/stop

AGM þurrir og EFB síru rafgeymar fyrir bíla með start/stop búnaði



Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Útfararstofa Íslands

Reykjavík • Kópavogi • Garðabæ • Hafnarfirði

Sólarhringsvakt: ☎ 581 3300

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

✉ utforia@utforia.is 🌐 www.utforia.is



Sveinir Einarsson
Útfarastjóri
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason
Útfarastjóri
S: 793 4455



Jóhanna Fíriksdóttir
Umjón utlára



Guðmundur Ó. Jóhannsson
Fránkvæmdastjóri
Umjón utlára
S: 862 0537

ALÚD • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Gamla myndin

Árbæjarblaðið



Meistaraflokkur kvenna 2007

Við sjáum mynd af meistaraflokki kvenna leiktímabilið 2007. Var þetta annað tímabil meistaraflokks kvenna frá upphafi í efstu deild þar sem liðið endaði í 6.sæti. Þjálfari var Björn Kristinn Björnsson og var Anna Björg Björnsdóttir langmarkahæsti leikmaður liðsins með 11 mörk.

Mynd: Einar Ásgeirsson / KGG



ÖFLUGT OG ENDURNÝJAÐ RAFÍÞRÓTTASTARF

Nánari upplýsingar á www.fylkir.is



Í vor verður boðið upp á fjóra æfingahópa sem koma til móts við mismunandi aldur, getu og áhugasvið ungmenna. Í 8-10 og 10-13 ára Mix hópnum er aðal áherslan á að mynda félagsleg tengsl við jafnaldra í gegnum tölvuleikina, prófa nýja leiki og hafa gaman.

Í Fortnite og 14-16 ára hóp eru markvissari æfingar þar sem iðkendur vinna að því að bæta sig í ákveðnum leik. Markmið er að keppa á innlendum og erlendum mótum. Reglulegir viðburðir verða svo haldnir fyrir iðkendur yfir önnina.



Í öllum hópum er líkamleg hreyfing og læra iðkendur um heilbrigða spilunarhætti.

SKRÁNING Á SPORTABLER



HeilsuKlasinn

Fréttamolar frá kirkjustarfinu

Fjölbreytt starf fyrir alla aldurshópa í Árbæjarkirkju fram á vorið

Almennar guðspjónustur í Árbæjarkirkju alla sunnudaga kl. 11.00 (sjá nánar á www.arbaejarkirkja.is)

Foreldramorgnar í Guðriðarkirkju Grafarholti alla miðvikudaga milli 10:00-12:00. Þar sem framkvæmdir standa yfir við Árbæjarkirkju eru sameiginlegir foreldramorgnar með Grafarvogskirkju og Guðriðarkirkju fyrir þau allra yngstu á miðvikudögum

kl. 10.00 - 12.00 í Guðriðarkirkju. Þar gefst tækifæri til að spjalla saman og deila reynslu sinni. Í vetur verður auk þess boðið upp á fræðsluerindi sem tengjast umönnun ungra barna.

Kyrrðastundir alla miðvikudaga kl. 12.00. Altarisganga og fyrirbætur. Léttur hádegisverður á vægu verði.

Starf eldri borgara (Opið hús) alla miðvikudaga kl. 13.00 - 16.00

Sunnudagaskólinn er í safnaðarheimili kirkjunnar á sunnudögum kl. 11.00 þar sem ungir og aldnir skemmta sér saman.



Skoðið nánar á heimasíðu kirkjunnar www.arbaejarkirkja.is

Brúðuleikhús, söngur og biblíusögur.

Barnastarf Árbæjarkirkju

Á þriðjudögum er boðið upp á sérstakt starf fyrir bæði 6 - 8 ára börn (STN starf) og 9 - 12 ára börn (TTT- starf). Skrá þarf sérstaklega börnin í STN (1. - 3. bekkur) og TTT-starfið (4. - 7. bekkur). Skráning fer fram á heimasíðu kirkjunnar

Allt barna- og unglingsstarf á vegum Árbæjarkirkju er foreldrum að kostnaðarlausu.

Unglingastarf Árbæjarkirkju

Æskulýðsfélagið saKÚL hittist á fimmtudagskvöldum kl. 20.15. Unglingastarfið er opið öllum ungmennum og hvetjum við fermingarbörnin sérstaklega til að taka þátt

Helgistund Hraunbæ 105

Félagsmiðstöð eldri borgara alla fimmtudaga kl. 9:30



Orðið of seint?

- eftir sr. Þór Hauksson sóknarprest í Árbæjarsókn

Ég hef oftast en ekki komið sjálfum mér á óvart þar sem ég er í þungum þönkum um hvernig Jesú bæri sig að við boðskapinn ef hann væri meðal okkar í dag. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að hann væri líklega meira en annað mikilvirkur bloggari með sitt eigið hlaðvarp.

Hann var bloggari og hlaðvarpsstjóri síns tíma. Hlaðvörp og blogg nútímans er það að koma boðskap, margvíslegum boðskap, á framfæri. Það sem skilur á milli þá og í dag er það að orðið eða orðin standa stutt við í dag. Ef ekki er staðið á „tánum“ og orðin meðtekin eru þau frá. Sum þeirra fara svo hratt hjá að aðeins heyrist ómur þess eina augnabliksstund er það fellur hjá og önnur koma og fara og koma. Orð geta byggt upp og orð geta rifid niður-það er ekki nýtt - þannig hefur það alltaf verið og þannig mun það alltaf verða. Orð verða að segjast-þögnin skilur ekkert eftir sig annað en slóða þess sem ekki var sagt órejkandi með öllu og kannski er það alveg ágætt svona stundum.

Við lifum á tímum þar sem hið skrifada og til þess að gera talaða orð (hlaðvarp) hefur aldrei verið fyrirferðameira, háværara og ef eitthvað minna vægi. Það kemur úr öllum áttum og rásum daginn inn og daginn út. Það er engin óhult/ur fyrir þeim. Oftast en ekki höfum við lítið sem ekkert um það að segja hvað „gusast“ yfir okkur. Afleiðing þessa er að víð myndum ónæmi fyrir orðum og þeim boðskap sem þau oftast en ekki fela í sér. Boðskapur orða er auðvitað misjafn að gæðum. Tilgangur orða getur

verið sá að byggja upp og rífa niður, dreifa falsfréttum. Orðið í sjálfu sér hefur ekkert um það að segja í hvaða samhengi það er sett fram og hvaða tilgangi það þjónar heldur er það sá eða sú sem notar þau sem ber ábyrgðina. Orð eru sögd til að ná huga einhvers eða orð eru sögd án nokkurs tilgangs.

Stundum eru orð sögd til að fylla upp í tómarúm þagnar, merkingarlaus með öllu, aðeins að afmá neyðarlega kyrrð þagnar. Orð geta verið egghvöss eins og vel brýnt sverð og þeim er ætlað að skera í herðar niður þann sem þeim mætir og tvístra huga. Orð geta stungið í hold svo undan blæðir. Orð eru til alls - án orða erum við ekkert. Orð eru sveispuð skarti klæðnaðar og fyllt tónum lita og hugarflugs. Orðið er allstaðar - fyllir hvern krók og kima og leitar eftir huga til að taka í föstur og fæða og klæða og verða að því sem það óskar sér helst að vera fyllt krafti og lífi. Orðið mætir okkur hverja okkar andartaksstund - það mætir okkur hlutlaust án þess að gera sér væntingar um hvað verður. Því miður er það svo að orð, hvort



sr. Þór Hauksson.

heldur þau eru sögd eða birtast á prenti, hittir manneskju sem fyrir verður á miskunnarlausan hátt. Sögd eða skrifuð af þeim sem ættu að vita betur að verða ósögd.

Það fylgir því ábyrgð að mæla af munni fram og að ekki sé talað um of á prenti sem hægt er að sækja hvar og hvenær sem er, til upplýsingar og eða nánari fróðleiks.

Ég minnst í þessu sambandi orða

rithöfundar sem skemmti sér við að lesa ritdóma og hugleiðingar um texta þann sem hann hafði látið frá sér fara. Hann skemmti sér yfir því að orðin sem hann hafði einhverjum mánuðum eða árum sent frá sér væru honum orðin ókunnug.

Þau lifðu sjálfstæðu lífi í huga þeirra sem lásu. Það segir okkur að orðið er aldrei dautt og líflaust, þvert á móti er það fullt af krafti og lífi. Krafti og lífi sem getur leyst það góða úr læðingi og líka haft þveröfug áhrif.

Við þurfum ekki annað en að fletta Biblíunni og lesa okkur áfram og bera saman bækur okkar við náungann til að komast að því að þeim orðum sem þar er sáð eru túlkuð á mismunandi vegu.

Það segir okkur aðeins að orðið er lifandi. Það færir okkur ekki aðeins

mismundandi sýn á lífið og tilveruna heldur færir okkur heim sanninn um að orðið, hvernig og hvar sem það heyrist og birtist, verður ekki tjóðrad við „brúsapall“ vanans og látið standa þar, þar til það súrnar og verður hella niður engum til gagns - ekki heldur jarðveginum sem tekur á móti því.

Kann að vera að orðin standi stutt við í dag og er ekki lengur að finna á brúsapöllum fortíðar heldur í huga okkar sem erum hvíkul og oftast en ekki eirðalaus.

Það er okkar að „orðið verði ekki of seint að megi bera ávöxt vaxtar og þroska í hverju og einu okkar“.

Þór Hauksson

60 ára+ grunn- og framhaldsnámskeið

Bætt heilsa og aukin lífsgæði

Nokkrir hópar og tímasetningar í boði bæði á grunn- og framhaldsnámskeið.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600

 HeilsuKlasinn



orka

Er sprunga í framrúðunni?



“

Við skiptum um bílrúður fyrir öll tryggingarfélög

Mætir & sækir samdægurs

VISSIR ÞÚ?

Ef það er hægt að gera við framrúðuna án þess að skipta er það að kostnaðarlausu fyrir tryggingartaka

586-1900
Stórhöfða 37
Bókaðu tíma á orka.is

BÓKA TÍMA

